

II.

Ráðherra ræður starfslið Raunvísindastofnunar Háskólans, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar og deildarráðs. Ráðherra getur falið stjórn stofnunarinnar ráðstöfun starfa til eins árs eða skemmri tíma, enda sé fjárveiting fyrir hendi.

Um starfskjör fer eftir ákvæðum laga nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi reglugerð nr. 104/1966, um Raunvísindastofnun Háskólans, ásamt breytingu samkv. reglugerð nr. 39/1968.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. janúar 1971.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsar verðlanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

1. gr.

Starfræktar skulu, á vegum ríkisins, sölubúðir á Keflavíkurflugvelli, er selja tollfrjálsar vörur, farþegum og áhöfnum millilandaflugvéla. Nafn sölubúðanna skal vera: Frihöfnin, Keflavíkurflugvelli.

Í Frihöfninni má selja hvers konar varning, eins og tíðkast í frihöfnum erlendis.

Í sölubúð þeirri, sem ætluð er farþegum og áhöfnum, sem eru að koma til landsins, skal þó aðeins heimilt að selja eftirtalinn varning, svo sem tíðkæzt hefur, og innan eðlilegra takmarka, að mati tollgæzlunnar:

Áfengi, tóbak, sælgæti, ilmvoðn, snyrtivörur og filmur. Utanríkisráðherra getur heimilað fleiri tegundir varnings, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Frihöfninni skal stjórnað af frihafnarstjóra, sem utanríkisráðherra skipar, og ber hann ábyrgð á rekstri hennar undir yfirstjórn utanríkisráðherra.

Annað starfslið, sem nauðsynlega þarf við daglegan rekstur Frihafnarinnar, skal frihafnarstjóri ráða með samþykki utanríkisráðherra.

3. gr.

Að því er varðar farþefa og áhafnir, sem eru að fara af landi brott, skal tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli sjá um og bera ábyrgð á, að gætt sé nauðsynlegra varúðarráðstafana um meðferð seldrar vöru, unz komið er um borð í flugvél þá, sem er á förum.

Þá skal þess og gætt, að farþegar og áhafnir, er verzla við komu til landsins, færi varning sinn beint til tollgæzlumanns.

4. gr.

Fríhöfnin fær, unz annað kann að verða ákveðið, til umráða í flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli húsnæði fyrir skrifstofur og sölubúðir ásamt birgðageymslum, eftir því, sem mögulegt er og reksturinn krefst á hverjum tíma, svo og birgðaskemmur innan flugvallarsvæðisins, eftir því, sem þörf krefur.

5. gr.

Fríhafnarstjóri skal halda nákvæma skrá (birgðabók) um allar vörur, sem fluttar eru til Fríhafnarinnar.

Þegar vörur eru seldar til Fríhafnarinnar skal fylgja þeim nákvæm skýrsla til tollgæzlunnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem tilgreint er hvaða vörur er um að ræða í hverri sendingu, og skal tollgæzlan bera ábyrgð á og hafa eftirlit með, að vörur þessar séu fluttar til Fríhafnarinnar.

6. gr.

Þegar heimilt er að endurgreiða innlent tollvörugjald eða aðflutningsgjöld af hráefni í iðnaðarvöru við útflutning, ber að endurgreiða nefnd gjöld ef Fríhöfnin kaupir slíkar vörur sem söluvarning. Skulu gjöldin endurgreidd þá er varan er komin í tollvörugeymslur, skv. vottorði tollgæzlumanns.

7. gr.

Fríhöfninni er heimilt að annast innflutning á öllum varningi, sem hún óskar að selja á sínum vegum.

Einnig er Fríhöfninni heimilt að kaupa vörur beint úr tollvörugeymslu innflytjenda.

8. gr.

Verzlanir Fríhafnarinnar séu aðskildar frá birgðaskemmum og verði varningur sem afhentur er verzlunum frá birgðaskemmum, reiknaður á útsöluverði verzlanna.

Í birgðaskemmum skal fært birgðabókhald, sem sýni nákvæmlega birgðir hverju sinni, enda sé þess vandlega gætt, að sem greiðastur aðgangur verði að samanburði birgða verzlana og birgðaskemma. Birgðir Fríhafnarinnar skal telja svo oft, sem ástæða er til og fært þykir og skal niðurstaða talningar send utanríkisráðherra og tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli hverju sinni.

9. gr.

Fríhöfnin skal selja varning sinn í erlendum gjaldeyri, þó með þeirri undantekningu, að Íslendingum skal heimilt að verzla í Fríhöfninni fyrir þann íslenska gjaldeyri, sem þeim á hverjum tíma er leyfilegt að hafa með sér úr landi.

Erlendum flugfarþegum skal einnig heimilt að verzla fyrir allt að þeirri upphæð í íslenskum gjaldeyri, sem þeir geta sýnt kvittun fyrir, að hafi verið keypt í íslenskum banka.

10. gr.

Ef flugvél er komin af stað frá flugvellingum, en verður af einhverjum orsökum að snúa aftur, skulu tollgæzlumenn taka í sínar vörzlur vörur, sem keyptar hafa verið í Fríhöfninni eða gæta þess, að ekki sé farið með þær út úr flugvélinni.

11. gr.

Fríhöfninni er heimilt að senda vörur í pósti til viðtakenda búsettra erlendis, í samráði við tollyfirvöld, enda hafi varan verið greidd fyrir fram.

Tollgæzlan skal bera ábyrgð á, að réttar vörur séu sendar samkvæmt pöntunum og bera ábyrgð á, að vörunum sé komið í hendur pósthjónustunnar.

Útfylla skal afgreiðsluseðla vegna póstsendinga þessara og skulu tollgæzlumaður og póstafrgreiðslumaður staðfesta með undirskrift sinni móttöku vörunnar fyrir hönd kaupanda.

12. gr.

Ef Frihöfnin hefur í birgðum sínum illseljanlegar eða gallaðar vörur, er henni heimilt að selja þær til þeirra aðila hjá varnarliðinu, sem rétt hafa til innkaupa, fyrir erlendan gjaldeyri.

Sala þessi skal fara fram undir eftirliti tollgæzlu.

13. gr.

Skrifstofa frihafnarstjóra hefur á hendi allt bókhald vegna Frihafnarinnar.

Frihafnarstjóri skal árlega senda utanríkisráðherra sérstaka áætlun ásamt greinargerð um tekjur og gjöld Frihafnarinnar.

14. gr.

Frihafnarstjóri skal að jafnaði eigi sjaldnar en vikulega selja til banka allan innkominn erlendan gjaldeyri.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47 frá 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl., sbr. breyting á þeim lögum, nr. 61 frá 12. maí 1970, og öðlast hún gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 309 frá 17. desember 1968, um tollfrjálsar verðlanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

Utanríkisráðuneytið, 12. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

G J A L D S K R Á**Hitaveitu Selfoss.****I. HEITT VATN**

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Til almennrar notkunar um vatnsmæli:
 - a. Vatnsgjald 8.80 kr./m³
 - b. Fastagjald af rúmmáli í rúmi því er hita skal, er þá miðað við utanmál húsnæðis 1.10 kr./m³ á mán.
2. Til notkunar í húsnæði sem hefur litla upphitunarþörf miðað við rúmmál, enn fremur kranavatn til notkunar í húsnæði sem hefur aðra hitun, um vatnsmæli:
 - a. Vatnsgjald 13.80 kr./m³
3. Þegar sérstaklega stendur á getur hitaveitustjóri, að tilskildu samþykki orku- nefndar, selt vatn eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðisins.